

## Umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar - 129 (7.9.2022) - Bakkahvammur, óveruleg breyting á deiliskipulagi

**Málsnúmer** : 2112015  
**Málsaðili** : Dalabyggð  
**Niðurstaða (stutt)** : Samþykkt  
**Fundardagur** : 07.09.2022

**Inngangur** : Umhverfis- og skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að leita til Eflu um breytta lóðaskipan, til að taka tillit til hugsanlegra fornleifa. Einnig að hafa samráð við Minjastofnun um endurskoðaða lóðaskipan í Bakkahvammi 15 og 17. Nefndin veitir skipulagsfulltrúa umboð til að skrá breytta lóðaskipan og byggingarreiti, að framangreindum formsatriðum uppfylltum.

Á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar 10. ágúst 2022 var lögð fram umsókn fyrir byggingarleyfi fyrir Bakkahvamm 15. Á fundi sveitastjórnar Dalabyggðar 10.2.2022 var breyting á deiliskipulag samþykkt. Í bréfi dagsett 17.5.2019 frá Minjastofnun tekur stofnunin fram að ekki sé farið í framkvæmdir fyrr en Minjastofnun hefur heimilað framkvæmdir. Þann 21.8.2022 sendi Minjastofnun tölvupóst þess efnis að það megi fara yfir mógrafir við Bakkahvamm 15 en minjar á lóð 17 báðu þau um að fá aðila til að rannsaka tóftina þar. Borist hefur listi yfir aðila sem taka að sér rannsókn sem þessa.

**Niðurstaða** : Nefndin felur skipulagsfulltrúa að senda samþykkt deiliskipulag til Skipulagsstofnunar og leggur til við sveitarstjórn að farið verði í minjarannsókn á lóð 17, nú þegar, til að óvissu sé eytt, áður en áform um byggingar komi fram þar.